

## Fornbílaklúbbur Íslands

Félagssfundur haldin í Digraneskirkju miðvikudaginn 28.4.2021 kl.19.30

Mættir úr stjórn, Bjarni, Ómar, Gunnar, Kristín, Björn, Sigurður, Guðný

Mættir félagsmenn til að kjósa eru 100, félagsmenn á fundi eru 53. Vegna sóttvarna var félögum boðið upp á að mæta í anddyri(sóttvarnarhólf B) og kjósa þar án þess að sitja fund.

Formaður setur fundinn og óskar leyfis fundar til að útnefna fundarstjóra, tillaga er gerð um Þóru Þórarinnsdóttur, fundurinn samþykkir það.

Gerð er tillaga um að fundinn riti Gunnar Örn Hjartarson, og er það einnig samþykkt.

Fundarstjóri lýsir fundinn gildan og fer yfir sóttvarnir í húsi.

Formaður hefur fundinn á ávarpi sínu, þar fer hann stuttlega yfir sögu og tilgang klúbbsins. Þar tæpir hann einnig á ástæðum þess að stjórn vilji selja eign klúbbsins, og koma starfseminni á jarðhæð þar sem eru aðgengilegri bílastæði.

Fundarstjóri fer yfir með hvaða hætti kosning fer fram, hún hófst kl.18.00 og stendur til kl.21.00, eftir það sér kjörnefnd um talningu atkvæða. Fundarstjóri minnir á að nauðsynlegt sé að skila öllum atkvæðum í kjörkassa, þó svo menni vilji ekki kjósa já eða nei.

Fundurinn byrjar á því að myndband er sýnt sem tekið var upp þar sem formaður útskýrir ástæður og áætlanir stjórnar um sölu á Hlídasmára og kaup á öðru húsnæði, þó það sé ekki alveg í hendi hvað það húsnæði skal vera.

Tilboð barst í eignina Hlídasmára 9 upp á 78.500.000kr.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður;

*Margrét spyr; hún sendi inn spurning á [formadur@fornbill.is](mailto:formadur@fornbill.is) og fékk við henni svar, en telur svar vera misvísandi eða ónákvæmt?*

Ómar svarar; Við byrjuðum að því að setja okkar eign í sölu, samhliða því var gert óformlegt tilboð í eign við Askalind 2, hugmyndin var sú að geta mögulega borið undir félagssfund bæði tilboð í okkar eing við Hlídasmára og samþykkt kautilboð í Askalind og freista þess að fá samþykki fyrir báðum gjörningum í einu.

*Margrét spyr áfram um þessa eign sem stendur til að kaupa?*

Ómar ítrekar að þessi eign henti okkur vel, en er alls ekki í hendi. Engin loforð eru um neitt í því sambandi.

Ítrekaðar umræður þeirra á milli.

Fundarstjóri ítrekar að fundurinn er eingöngu um sölu á Hlídasmára, ekki til kaupa á neinni fasteign.

Bjarni talar um framtíðarútleigu á væntanlegu nýju húsnæði, Ferguson klúbbur vill áfram koma að leigu á húsnæði sem við gætum eignast á jarðhæð.

*Jens kemur með fyrirspurn um hvað klúbburinn sjái sem framtíðarhúsnæði?*

Ómar svara um að við sjáum fyrir okkur hvað við viljum. Stjórn hefur skoðað margt en ekki fundið enþá margt sem hentar fyrir utan húsnæði í Askalind, en stjórn sé með skýra sýn á hvers konar húsnæði henti klúbbum.

*Jens spyr áfram um væntanlegt nýtt húsnæði?.*

Ómar svarar því til að við viljum kaupa húsnæðið í Askalind eða sambærilegt.

*Helgi Pásson spyr um ásett verð á Hlíðasmára?*

Ómar svarar því til að ásett verð hafi verið 88.000.000kr. en vonir hafi staðið til að fá í kringum 80.000.000kr.

*Axel spyr um ágæti húsnæðis Askalindar, hvort þar standi til að geyma bíla varanlega?*

Bjarni svarar því til þar sé innkeyrslu dyr, okkur þykir sýnt að kostir þess séu augljósir. Klúbburinn á geymslur og þessi kaup séu alls ekki huxuð sem bílageymsla. Húsnæði sé til þess að skoað einn og einn bíl. Við gætum þess vegna kynnt og skoðað bíla.

*Atli Vilhjálmsson lýsir ánægju sinni með þessa ráðahagi, að komast á jarðhæð.*

*Karl Hákon lýsir einnig yfir sinni ánægju með þennan ráðahag, að flytja félagsheimili á jaðrhæð. Þar sé hægt að skoða bíla og sýna þá.*

*Þór spyr um verð á þessari fasteign, hvort menn telji þetta sé sanngjarnt verð, nú sé verð á húsnæði á fleygiferð og hvort tilboð sem við fengum sé of lágt?*

Ómar svarar því til að við séum með undirritað tilboð upp á 78.500.000 og að þetta verð sé nokkuð gott, og að tilvísun í að verð á fasteignamarkaði sé á fleygiferð eigi nú frekar við um íbúðarhúsnæði. Ómar segir að stjórn sé sátt við þetta verð og telji það sanngjarnt miðað við að nokkur tilboð hafi borist og að þau hafi verið of lág að okkar mati og að þeim hafi verið hafnað strax.

*Þór spyr aftur um hvað verður um klúbbstarfið ef við eum húsnæðirlaus?*

Bjarni svara því til að Árbæjarsafn taki á móti okkur til bráðabyrgða ef við þurfum á því að halda. Við munum hins vegar leita hratt og örugglega að nýju húsnæði og reyna að tryggja okkur það eins fljótt og mögulegt er.

*Atli Vilhjálmson spyr um kostnað viðhald á Hlíðasmára sem formaður talar um í myndbandi?*

Ómar svarar því til að húsfélagið í Hlíðasmára hafi talað um að skipta þyrfti um glugga og fara í þakkant. Bjarni nefnir að Stefán Haldórsson sé veikur heima og getur því miður ekki verið með okkur. Hann þekkir vel húsnæðismál og hefði getað svarað þessu vel fyrir okkur, enda hefur hann verið fulltrúi okkar í húsnefnd í Hlíðasmára.

*Þór, spyr um Landsmót 2021?*

Bjarni segir frá því að sveitarfélagið Hvolsvöllur sé búið að bjóða okkur að koma með mikilli gestrisni. 25.júní er líklegt dagsetning

*Rúnar Sigurjónson spyr, nú er stutt er í aðfund og hvort húsnæði verði keypt fyrir aðalfund?*

Ómar svara því til að EKKi standi til sérstaklega að kaupa húsnæði fyrir aðalfund.

*Spurt er um nýtt húsnæði í kópavogi. Hvort þar sé kvöldstarfssemi?*

Bjarni svara því til að þar sé nánast engin starfssemi á kvöldin, og þar virðist vera nóg af stæðum á lóð og þar í kring. Bjarni útskýrir frekar um húsnæði í Askalind, kosti þess og hvað þarf að gera.

Það er klárlega frekara pláss fyrir bíla.

Bjarni útskýrir frekar óskosti Hlíðasmára.

Bjarni nefnir það að ef fundarmenn vita um hentugt húsnæði þá megi þeir endilega láta í sér heyra.

*Spurt er um fjölda manna í nýju húsnæði?*

Bjarni svarar því til að auðveldara sé að fá leyfi fyrir fjölda manna í húsnæði á jaðrhæð með margar útgönguleiðir.

Fundarstjóri segir að klukkan sé 20.45 og að korter sé eftir að fundi og býður mönnum að skila atkvaði ef þeir vilja. Um að gera að skila seðli þó svo hann sé auður.

*Gunnar lýsir því yfir ánægju sinni með fyriverandi stjórn og um ráðahag að selja Elliðaárdal og kaupa Hlíðasmára.*

Bjarni tekur heilshugar undir það að fyrverandi stjórn og þá sérstaklega Jón Loftson og Þorgeir hafi unnið stórvirki í að bjarga fjárhag klúbbsinns á þessum víðsjárverðu tímum sem þá liðu.

*Atli Vilhjálmsson spyr hvort við vitum eitthvað um stöðuna hjá Fornbílafjelaginu í Borganesi?*

Bjarni svara því til að hann hafi heyrt að pólitík sé sennileg þarna að störfum og mögulega standi standi til að rífa hús í Brákarey. Okkar sýn er sú að styrkja þyrfti félagið í Borganesi og skaffa þeim lóð til að halda áfram sínu góða stafi .

*Jón Loftson talar um að klúbburinn hafi lengi verið húsnaðislaus og lengi hafi verið leitað að húsnaði og það besta sem hægt var að finna á þeim tíma var Hlíðasmári. Lausnin hafi verið núverandi húsnaði, allir gátu verið sáttir. En klárlega er léleg mæting félögum sjálfum að kenna. Vissulega hafi Árbæjarsafn verið ágætur kostur. Ekki endilega henti húsnaði öllum alltaf. Ekki hafi staðið til að vera með veislubjónustu, bara sal til afnota og útláns fyrir félagi. Kirkjan sem seldi okkur Hlíðasmára laug að okkur um fjöldatakmarkanir í Hlíðasmára. Aðal málið að komast upp úr pappakössum og í húsnaði, það hafi alltaf verið aðalmarkmiðið.*

Bjarni tekur undir orð Jóns um að starfið velti allt á félögum sjálfum.

Bjarni les upp fyrir okkur gamalt bréf frá Boðunarkirkjunni; Bjarni les, og þar koma fram ýmsar ástæður fyrir því að Boðunarkirkjan geti ekki bætt þennan galla á húsnaði á nokkurn hátt, þar að segja varðadi fjöldatakmarkanir í sal.

Fundarstjóri tilkynnir okkur að kjörfundi sé formlega lokið, klukkan er 21.00.

Stjórn viku af sviði.

Kjörnefnd, Gunnar Sigurjónsson, Kjartan Friðgeirsson og Gunnar Sigurðsson taka til starfa og telja atkvæði fyrir opnum tjöldum fyrir framan alla fundarmenn.

Formaður kjörnefndar stendur upp og kynnir úrslit kostninga

Fjöldi greiddra athvæða;100

Já, ég samþykki að selja Hlíðasmára; 86

Nei, ég samþykki ekki að selja Hlíðasmára;13

Auðir og ógildir seðlar;1

Fjöldi afhendra athvæðaseðla stemmir við greidd athvæði.

Fundurinn hefur samþykkt að selja húsnaðið í Hlíðasmára 9

Formaður þakkar fundarmönnum fyrir góða mætingu.

Fundi lokið kl.21.24

Fundarritari

Gunnar Örn Hjartarson.

